


Hlustun og greining M1

Hlustun og greining M1 er ætluð nemendum sem hafa lokið grunnprófi í tónfræðigreinum. Hún felur í sér fyrri hluta miðnáms í hlustun og greiningu. Æskilegt er að nemendur taki Hlustun og greiningu M1 samhliða Tónheyrn M1 og Tónfræði M1 og eru öll þrjú fögin skylda til miðprófs.

Námsefni:

Hlustun og greining-miðnám 1 eftir Þóri Þórisson



Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Hlustun og greiningu M1.

Hlustun og greining

Hrynur

Nemandi

- hafi þjálfast í að tengja heyrn og ritun hrynhendinga í samræmi við markmið grunn- og miðnáms.

Laglína og tóntegundir

Nemandi

- geti greint hvort tónðæmi er í dúr eða moll.
- hafi þjálfast í að tengja heyrn og ritun laglínuhendinga.

Hlustun, greining og saga

Nemandi

- hafi öðlast leikni í að lýsa blæ tónverka með eigin orðum.
- kunnir skil á einröddun, margröddun (hómófóníu) og fjölröddun (pólýfóníu).
- geti greint eftir heyrn á milli einröddunar, hómófóníu og pólýfóníu.
- hafi þjálfast í að greina á milli tónverka frá eftirtöldum stíltímabilum: barokk, klassík, rómantík, 20. öldin/samtími.
- hafi kynnst eftirtöldum gerðum tónverka: einleiksverk, kammerverk, hljómsveitarverk, ópera og konsert .
- þekki uppbyggingu sinfóníuhljómsveitar og hljóðfæri hennar.
- geti greint eftir heyrn hljóðfæri sinfóníuhljómsveitar.
- hafi kynnst völdum hljóðfærum frá mismunandi heimshlutum.
- hafi kynnst valinni íslenskri tónlist frá mismunandi tíma.
- hafi fengið innsýn í vestræna tónlistarsögu.
- hafi kynnst nokkrum helstu tónskáldum tónlistarsögunnar.
- hafi kynnst valinni vestrænni klassískri tónlist frá ólíkum tímabilum.
- hafi kynnst valinni þjóðlaga- og heimstónlist.
- hafi kynnst valinni djasstónlist.